


Gildandi skipulag



Breytt skipulag

Mkv.: 1:50.000

1 YFIRLIT

VIÐFANGSEFNI

Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar leggur til að Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 verði breytt á þann veg að afmarkað verði efnistökusvæði við Hálsá. Fyrirhuguð efnistaka er um 49.000 m³ á um 2,4 ha lands á vesturbakka árinna. Fyrirhuguð náma er ekki tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar vegna mats á umhverfisáhrifum.

Hálsá hefur vatnshlotanúmerið 102-1773-R. Það er metið í mjög góðu vistfræðilegu ástandi samkvæmt vatnavefsjá stjórnar vatnamála. Efnafræðilegt ástand vatnshlotsins hefur ekki verið metið. Umhverfismarkmið vatnshlotsins er að vera í mjög góðu vistfræðilegu ástandi og góðu efnafræðilegu ástandi og eru þau markmið lagalega bindandi.

STEFNA DALVÍKURBYGGÐAR:

- Vatnshlot Hálsár verði í mjög góðu eða góðu vistfræðilegu ástandi í samræmi við stefnu Vatnaáætlunar Íslands 2022d-2027 (kafla 3.2.1 Ástandsflokkun yfirborðsvatnshlota).
- Stefnt er að námi/nýtingu nauðsynlegra jarðefna til framkvæmda og er þá m.a. horft til efnistöku úr áreyrum, sem endurnýjast með tímanum með framburði.
- Efnistöku skal hagað þannig að sem minnst eða engin truflun verði á lífríki árinna og árfarvegurinn verði áfram eðlilegur og fjölbreyttur með búsvæðum fyrir seiði, stoppistöðum fyrir göngufisk og hrygningarstöðum.
- Vatnsgæði skulu vera í flokki A, ósnortið vatn sbr. ákvæði 9. og 10. greinar reglugerðar 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

Efnisnám er háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar og samþykkt heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra og skal framkvæmdaaðili/landeigandi leggja fram efnistökuáætlun þar sem gerð er grein fyrir tilhögun framkvæmda og frágangi að efnisnámi loknu. Framkvæmdaraðili þarf að meta þau áhrif sem efnistakan mun hafa á viðkomandi matsþætti. Ef áhrifamatið leiðir í ljós hnignun eða mögulega hnignun á umhverfismarkmiðum þarf hann að sækja um heimild til Umhverfisstofnunar til breytingar á vatnshloti skv. 18 gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

2 BREYTING Á SKIPULAGSUPPDRÆTTI

Nýtt efnistökusvæði 663-E er merkt á aðalskipulagsuppdrætti.

3 BREYTING Á GREINARGERÐ

Efnistökusvæði 663-E er bætt í töflu í kafla 4.12 Efnistökusvæði í greinargerð aðalskipulagsins. Þar er gerð grein fyrir sérákvæðum um efnistökusvæðið í samræmi við stefnu, magn og ákvæði í greinargerð þessari. Engin breyting er gerð á almennum texta greinargerðar aðalskipulagsins.

- Mörk skipulagsvæðis
- LANDNOTKUN
 - Þéttbýli, þéttbýlismörk
 - Íbúðarsvæði
 - Svæði fyrir þjónustustofnanir
 - Svæði fyrir þjónustustofnanir
 - Verslunar- og þjónustusvæði
 - Athafnasvæði
 - Íónaðarsvæði
 - Hafnarsvæði
 - L1 Landbúnaðarsvæði L1
 - L2 Landbúnaðarsvæði L2
 - L Landbúnaðarsvæði, sérákvæði
 - F Frístundabyggð
 - Opin svæði til sérstakra nota
 - Óbyggð svæði
 - Blönduð landnotkun
 - Efnistökusvæði
 - Merking landnotkunarreita
 - Landfyllingar
 - TAKMÖRKUN Á LANDNOTKUN
 - Hverfisverndarsvæði
 - Náttúruverndarsvæði: Fólkvangur, friðland
 - Svæði á Náttúruminjaskrá
 - Vatnsverndarsvæði
 - Brunnsvæði
 - Grannsvæði
 - Fjarsvæði
 - FORMÍNJAR
 - Formínjar
 - Formínjar, mínjasvæði
 - Formínjar, Sveitarlangur
 - Lárétt hönnunarhröðun í jarðskjálftum
- SAMGÖNGUKERFI
 - Stofnbraut
 - Stofnbraut, jarðgöng
 - Tengivegur / tengibraut
 - Aðrir vegir / safngata
 - Aðal göngu- og hjólastígar
 - Megin útivistarstígar
 - Reiðleið
 - STOFNLAGNIR VEITUKERFA
 - Rafveita, loftlína
 - Rafveita, flutningslína, helgunarsvæði
 - Rafveita, jarðstrengur
 - Hítaveita
 - Vatnsveita
 - Ljósleiðari
 - Fráveita, útrás

| Nr. | Stærð | Svæði | Lýsing | Skipulagsákvæði |
|-------|-------|-----------|----------|---------------------------------|
| 663-N | 2,4 | Við Hálsá | Setnáma. | Allt að 49.000 m ³ . |

4 UMhverfismatSSkýrsla

Samkvæmt 2. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlaða nr. 111/2021 eiga ákvæði laganna við alla skipulagsgerð og breytingar á skipulagi.

A YFIRLIT

Sjá kafla 1.

B MAT Á LÍKLEGUM UMhverfISÁHRIFUM

Efnisnám úr straumvatni getur haft neikvæð áhrif á rennsli, dýpi og botngerð svo og á lífríki bæði staðbundið og neðar í áni. Umferð vinnuvéla á svæðinu getur valdið mengunarslysum. Umferð um núverandi afleggjara til norður rétt vestan Hálsár mun aukast vegna efnisflutninga úr námuni.

C RAUNHÆFIR VALKOSTIR M.T.T. MARKMIÐA

Áætlun um efnistöku er sett fram af landeiganda og miðast við staðhætti á áraurum Hálsár sem endurnýjast stöðugt með framburði árinna. Þar sem ekki er nein stór efnisnáma í Dalvíkurbyggð, sem fullnægt getur efnispörf á svæðinu, eru margar minni námur nýttar, sem hver um sig hefur staðbundin og umfangslítill umhverfisáhrif.

D MÓTVÆGISADGERÐIR OG VÖKTUN

Mótvægisáðgerðir skulu vera hluti af efnistökuáætlun þar sem gera þarf grein fyrir því hvernig umhverfismarkmiðum Vatnalaga, kröfum heilbrigðiseftirlits, ákvæðum laga um náttúruvernd og stefnu sveitarfélagsins verður framfylgt.

Framkvæmdaaðili skal meta áhrif efnistöku á líffræðilega, eðlisefnafræðilega og vatnsformfræðilega gæðapætti Hálsár. Ef áhrifamatið leiðir í ljós hnignun eða mögulega hnignun á umhverfismarkmiðum vatnshlotsins þarf framkvæmdaraðili að sækja um heimild til Umhverfisstofnunar til breytingar á vatnshloti skv. 18. gr. laga nr. 35/2011f um stjórn vatnamála.

Rask á farvegi árinna verður eingöngu utan veiðitíma ár hvert eða frá 15. október til 30. mars. Efnistaka utan þess tíma verður ekki úr farvegi árinna. Röskun á farvegi skal miðast við að áin verði jafn breið og bugðótt og fyrir framkvæmd og að farvegurinn verði áfram eðlilegur og fjölbreyttur með búsvæðum fyrir seiði, stoppistöðum fyrir göngufisk og hrygningarstöðum.

E SAMANTÉKT Á SKÝRU OG AUÐSKILJANLEGU MÁLI

Óþörf í svo litlu verkefni.

F NÁNARI UPPLÝSINGAR

Á ekki við.

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar þann _____

_____ sveitarstjóri

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann _____

ADALSKIPULAG DALVÍKURBYGGÐAR 2008-2020 SVEITARFÉLAGSUPPDRÁTTUR



Umhverfis- og tæknisvið
Dalvíkurbyggðar

Mælikvarði 1:50.000

BREYTING
Efnisnáma í Hálsá

x-maí 2024



TEIKNISTOFA ARKITEKTA

KAUPANGI VÍMYRARVEG
600 AKUREYRI
SMÍ 461 5508
NETFANG: arn@teikna.is